Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-12-17 09:58:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-12-17 14:19:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-01-18 13:05:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 27. ágúst 2025 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í gegnum fjarfundarbúnað Teams.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig áheyrnarfulltrúinn Jóhannes Á. Jóhannesson auk starfsmanna innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Drög að 427. fundargerð EFS 19.3.2025
- Drög að 428. fundargerð EFS 28.4.2025
- Drög að 429 fundargerð EFS 14.5.2025
- Framlegð sveitarfélaga – vinnuskjal
- Ársskýrsla EFS 2010
- Stefnumörkun fjármála - sveitarstjórnarskóli

1. Samþykkt fundagerðar

Fundargerðir 427 frá 19.3.2025, 428 frá 28.4.2025 og 429 frá 14.5.2025 voru samþykktar.

2. Lykilmælikvarðar EFS

Farið var yfir þá lykilmælikvarða sem nefndin styðst við í mati sínu á fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Nefndin leggur fyrst og fremst áherslu á lögbundna mælikvarða þ.e. jafnvægisreglu og skuldaviðmið en öðrum mælikvörðum nefndarinnar er ætlað að virka sem dýpri viðmið til greiningar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga þrátt fyrir að sveitarfélögum beri ekki lagaleg skylda til þess að uppfylla þau.

Nefndarmenn telja að framlegð A-hluta sé grundvallarstærð í slíkri greiningu þar sem hún endurspeglar greiðslugetu sveitarfélaga til þess að standa undir afborgunum lána, vöxtum og fjárfestingum. Umræður sköpuðust um hvort óreglulegir liðir s.s. söluhagnaður eða -tap eigna, tekjur af byggingarétti og lífeyrisskuldbindingar ættu að teljast með í útreikningum framlegðar. Töldu nefndarmenn eðlilegt að undanskilja þessa liði við útreikning á mælikvarða nefndarinnar enda endurspegli það grunnrekstur sveitarfélaga.

3. Önnur mál

Rætt var um dagskrá nefndarinnar á komandi mánuðum. Ákveðið var að fundir nefndarinnar frá september til júní verði alla jafnan haldnir annan miðvikudag í hverjum mánuði frá klukkan 09:00 til 11:30.

Starfsmaður nefndarinnar mun einnig leggja til dagsetningar fyrir fyrirhugaðan fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar og bera undir nefndarmenn. Að því búnu verður fulltrúum borgarinnar boðið að velja þá dagsetningu sem hentar þeim best.

Fundi slitið klukkan 11:01. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.